

Bjarni Reykjalin,
Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. janúar 2013
Tilvísun: UST20121000181/ksj

Tillaga að deiliskipulagi hótellóðar í landi Arnarvatns

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 30. október sl. þar sem vakin er athygli Umhverfisstofnunar á skipulagsáætlunum í auglýsingu, m.a. tillögu að deiliskipulagi hótellóðar í landi Arnarvatns.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu:

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að áætluð hótélbygging er inni á verndarsvæði og vatnasviði Mývatns og Laxár. Um það svæði gildir reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og þar segir: „Skólp á vatnasviðinu skal hreinsað með útarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7.gr reglugerðar um fráveitur og skólp.“ Umhverfisstofnun bendir því á að hefðbundin rotþró og siturlögn er ekki nægileg hreinsun á svæðinu skv. ofangreindri reglugerð.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að vel verði gengið frá allri fráveitu. Umhverfisstofnun bendir á að í reglugerð 450/2009 um breytingu á reglugerð um fráveitur og skólp koma fram hreinsikröfur fyrir útarlegri hreinsun skólps.

Verndun Mývatns- og Laxárvæðisins

Í 3.gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, kemur fram m.a.: „Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem geta haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landssvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr.“ Þar af leiðandi bendir stofnunin á að leita þarf leyfis hjá Umhverfisstofnun vegna hótélbyggingar.


Áætluð hótélbygging


Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um að væntanleg bygging verði að mestu á einni hæð, og að aðlaga skuli bygginguna að landslagi og umhverfi. Umhverfisstofnun bendir þó á að erfitt er að sjá hvernig hægt er að samræma stefnu aðalskipulags um byggingarlist og þá

stefnu að ætla að byggja áætlað hótél úr erlendum herbergjaeiningum. Umhverfisstofnun bendir á að líkur eru á því að fyrirhuguð mannvirki muni hafa neikvæð sjónræn áhrif á svæðið.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að velja umhverfisvæn byggingarefni, umhverfismerkt ef þess er nokkur kostur.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

